



Til menningar og ferðamálanefndar Hafnarfjarðarbæjar

Umsókn um framlengingu á samningi um afnot af húsi í Helligerði

Í núverandi samningi Hafnarfjarðarbæjar og Álfagarðsins er framlengingarákvæði til tveggja ára. Við förum þess á leit að samningurinn við Álfagarðinn verði framlengdur.

Síðastliðið ár hefur verið lærdómsríkt og opnunartími og vöruúrval hefur tekið breytingum eftir framboði og eftirspurn. Það er ljóst að bæjarbúum finnst ánægjulegt að miðstöð álfa og huldufólks skuli vera staðsett í Helligerði og við höfum fundið fyrir miklum áhuga ferðamanna og ferðaþjónustuaðila á okkar starfsemi.

Til þess að gera einstaklingum og litlum hópum auðveldara að fara í álfagöngur sjálfir um Helligerði er ætlunin að gefa út kort yfir álfabyggðir garðsins, sem síðar væri hægt að nota í snjallsímaforrit. Auk þess myndum við taka stærri hópa í sérstakar álfagöngur með leiðsögn eftir pöntun.

Markmiðið er að haust og vetrarstarfsemin beinist fyrst og fremst að sölu og upplýsingamiðlun á netinu og móttöku hópa í álfagöngur og fræðslu eins og síðastliðinn vetur. Eins verður lögð meiri áhersla á að kynna og selja álfaúttektir fyrir heimilisgarða og fleiri náttúrusvæði. Það er ljóst að kynning á starfsemi sumarsins þarf að hefjast strax um áramót og sérstaklega til ferðaþjónustuaðila erlendis. Við erum að auka vöruúrval í miðstöðinni og tökum aðeins inn vandaða listmuni og handverk sem tengist álfum og náttúru Helligerðis en eins og við vitum er fermetraplássið takmarkað.

Það gæti verið áhugavert fyrir Álfagarðinn að tengjast Jólaborpinu á einhvern hátt í vetur. Nokkrar hugmyndir eru í gerjun hvernig sú tenging væri best. Það er einnig í skoðun að halda jafnvel litla álfahátíð í Álfagarðinum á Þrettándanum.

Þrátt fyrir að það gangi hægt að byggja upp arðvænlega starfsemi í Álfagarðinum þá erum við bjartsýn um að það gerist á næstu árum. Góðir hlutir gerast hægt. Við erum því tilbúin að halda áfram þessari starfsemi í litla húsinu í Helligerði og vonum að nefndin sé tilbúin að treysta okkur fyrir því.

Með bestu kveðju

Lárus, Ragnhildur og fjölskylda í Álfagarðinum

Starfsemi síðasta árs

Álfagarðurinn hóf starfsemi sína formlega í júní 2011. Litla húsið í Hellisgerði var hreinsað af innréttingum frá fyrri starfsemi og standsett sem lítil listmunaverslun og miðstöð fyrir álfagöngur og upplýsingar um álfa og huldufólk. Leitast var við að litaval og innréttingar hæfðu aldri hússins og starfseminni. Strax í upphafi var leitað samstarfs við hafnirfiska listamenn um að setja upp sýningu í húsinu og var hún opnuð þegar Álfagarðurinn hóf starfsemi. Listaverk og listmunir þessara listamanna hafa síðan verið til sölu. Lögð hefur verið áhersla á að þær vörur sem eru seldar tengist á einhvern hátt álfum og huldufólki. Álfagarðurinn hefur einnig selt lífrænt kaffi, te, kalda drykki og ýmislegt matarkyns. Allt sem Álfagarðurinn notar og framleiðir er lífrænt eða í það minnsta umhverfisvænt.

Starfsemin fékk góða fjölmiðlaumfjöllun strax í byrjun og fjölmargir komu í heimsókn í kjölfar hennar. Ágæt aðsókn var í júní og júlí 2011 en dróst strax saman í ágúst. Aðsókn haustið 2011 og veturinn 2012 var afar dræm og voru aðallega hópar sem komu í álfagöngur eftir pöntun. Vegna þessa var fallið fljótlega frá föstum opnunartíma síðastliðið haust.

Rekstur Álfagarðsins hefur verið í takt við þær væntingar sem gerðar voru í viðskiptaáætlun. Reiknað var með töluverðum halla á starfseminni fyrstu tvö árin á meðan hún festi sig í sessi. Helstu tekjur hafa verið af álfagöngum um Hellisgerði, sölu á veitingum, bókum og spilum. Halli á rekstrinum hefur verið fjármagnaður af eigendum með vinnuframlagi og eigin fé.

Reiknað er með að tekjur á þessu ári aukist frá fyrra ári. Heimsóknir Íslendinga og erlendra ferðamanna í Álfagarðinn hafa aukist smátt og smátt enda höfum við kynnt starfsemina hjá ferðapjónustuaðilum og hótelum. Álfagarðurinn opnaði einnig nýjar vefsíður í vor á íslensku og ensku og er með öflugar síður á Facebook og Twitter. Í vor gaf Álfagarðurinn út bókina „Hvað þarf til að sjá álf?“/”What does it take to see an elf?“ eftir álfinn Fróða sem býr í Hellisgerði. Hún hefur vakið mikla athygli. Það er í bígerð að auka útgáfustarfsemi og nú er unnið að álfakorti yfir Hellisgerði sem er byggt á álfagöngu Álfagarðsins.

Samkvæmt samningnum við Hafnarfjarðarbæ hefur starfsfólk Álfagarðsins haft eftirlit með Hellisgerði. Fylgst hefur verið með umgengni í garðinum í samráði við Garðyrkjustjóra og rusl hreinsað reglulega. Einnig hefur verið fylgst með hópasöfnun unglunga að hausti og vori í samráði við ÍTH. Salerni í Litlu álfahúsinu hafa nýst vel sem almenningssalerni á opnunartíma Álfagarðsins fyrir þann mikla fjölda gesta sem heimsækja Hellisgerði.

Í samvinnu við hafnirfiska listamenn stóð Álfagarðurinn fyrir listamannadegi um verslunarmannahelgina 2011. Listamönnum var boðið að koma og vinna í Hellisgerði og kynna sína listsköpun. Góð aðsókn var á þessum degi og hafði fólk gaman að sjá fjölda listamanna vinna að verkum sínum hér og þar um garðinn.

Álfagarðurinn stóð fyrir “Litlu Álfahátíðinni” í Hellisgerði á Jónsmessu 2012 og fékk til þess styrk frá menningar og ferðamálanefnd. Fjöldi fólks heimsótti garðinn í góðu veðri og naut leiðsagnar um Álfaheima og síðan tónlistarflutnings, þar sem Kristín Svanhildur Helgadóttir frumflutti nýtt álfalag sitt við texta Harðar Zóphaníassonar. Sara Blandon ásamt Ármanni Guðmundssyni fluttu síðan tónlist við mjög góðar undirtektir. Góð stemmning myndaðist í garðinum og margir voru að koma þarna í fyrsta skipti. Stefnt er að því að gera slíka hátíð að árlegum viðburði.

Álfagarðurinn tekur að sér ýmis önnur verkefni. M.a. hefur verið boðið upp á “álfaúttekt” í heimilisgörðum og náttúrusvæðum og voru nokkrar slíkar gerðar á síðastliðnu ári. Eins var hjálpað við flutninga á álfaheimilum milli landshluta.

Við teljum að rekstur Álfagarðsins, fjölmiðlaumfjöllun og viðvera í litla álfahúsinu hafi vakið athygli á Hellisgerði og höfum orðið vör við fjölgun fjölskyldufólks í garðinum. Nú í vor var stofnað Hollvinafélag Hellisgerðis sem er ætlað að efla og styrkja Hellisgerði. Álfagarðurinn mun styðja vel við félagið.

Reynslan af rekstrinum síðasta árið hefur eflt okkur í þeirri trú að Álfagarðurinn sé smátt og smátt að festa sig í sessi sem miðstöð álfa og huldufólks á Íslandi. Fjöldi heimsókna íslendinga og erlendra ferðamanna í Álfagarðinn ásamt fyrirspurnum á netinu og umfjöllun erlendis hefur farið framúr öllu sem við áttum von á í upphafi. Við finnum því að áhugi er víða um álfa og tengsl íslendinga við heim álfanna og starfsemi eins og sú sem Álfagarðurinn stendur fyrir er því mikilvæg ekki síður en skemmtileg :-)